

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/57/20

frá 21. febrúar 2001

um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB gagnvart snjóflóðaýlum (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 194)

(2001/148/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum e-lið 3. mgr. 3. gr.,með hliðsjón af ályktun Evrópuþingsins um hin hörmulegu snjóflóðaslýs í Ölpunum ⁽²⁾,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Snjóflóðaýlur stuðla að björgun fólks sem grafist hefur í snjóflóði.
- 2) Það drægi verulega úr árangri björgunaraðgerða ef ekki væri unnt að staðsetja snjóflóðaýlur vegna tæknilegs ósamrýmanleika.
- 3) Til er mikill fjöldi af snjóflóðaýlum sem uppfyllir staðalinn ETS 300 718. Þessi staðall tryggir rekstrar-samhæfi og virkni við erfiðar aðstæður en þar eð í honum eru gerðar kröfur, sem ná út fyrir gildissvið tilskipunar 1999/5/EB, er þörf á endurskoðun.
- 4) Það er vafasamt að markaðsöflin muni tryggja áframhaldandi samhæfi snjóflóðaýlna ef bandalagið gerir ekki kröfur um að ýlurnar séu samhæfðar búnaði sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um tæki sem nota tíðnina 457 kHz og eru ætluð til að staðsetja fólk sem hefur grafist í snjóflóði. Tækin nefnast „snjóflóðaýlur“ hér á eftir.

2. gr.

1. Snjóflóðaýlur, sem falla undir gildissvið 1. gr., skulu hannaðar þannig að þær geti starfað með nýjum ýlum og ýlum sem eru í notkun og hafa verið viðurkenndar samkvæmt innlendum reglugerðum um samþykki sem byggjast á staðlinum ETS 300 718.

2. Snjóflóðaýlur skulu þannig úr garði gerðar að þær starfi örugglega þótt þær lendi í snjóflóði og haldi áfram að starfa þótt þær séu grafnar þar í langan tíma eftir snjóflóðið.

3. gr.

Kröfur skv. 2. gr. þessarar ákvörðunar skulu gilda frá því að ákvörðunin er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 55, 24.2.2001, bls. 65, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 175, 21.6.1999, bls. 259.